

Nd.

573. Frumvarp til laga

[118. mál]

um breyting á raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

35. gr. laganna skal orða svo:

1. Úr raforkusjóði má veita rafmagnsveitum ríkisins lán, sem veitast til allt að 30 ára, til að koma upp tilteknum mannvirkjum.
2. Úr raforkusjóði má einnig veita rafmagnsveitum ríkisins rekstrarlán og bráðabirgðalán til skemmri tíma, þar á meðal til að greiða rekstrarhalla, sem verða kann af mannvirkjum fyrstu árin eftir að þau eru gerð.
3. Úr raforkusjóði má og veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náninni framtíð, lán úr raforkusjóði, að upphæð allt að $\frac{2}{3}$ stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana og línulagana heim að bæjarvegg. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lánskjör og skilyrði til lánveitinga.
4. Úr raforkusjóði má enn fremur veita bændum, sem eru svo í sveit settir sem um getur í 3. tölulið og ekki hafa aðstöðu til vatnsvirkjunar, lán til að koma upp mótórafstöðvum á heimilum sínum, að upphæð allt að $\frac{3}{5}$ stofnkostnaðar rafstöðvarinnar. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um lánskjör og skilyrði til lánveitinga.

2. gr.

2. málgr. 38. gr. laganna skal orða svo:

Lán þau, sem um getur í 35. gr., tölulið 2, 3 og 4, ákveður ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra.

3. gr.

Aftan við 39. gr. laganna bætist ný málgr., svo hljóðandi:

Útlánsvextir lána skv. 35. gr., tölulið 3, þurfa þó ekki að vera hærri en 2% og skv. tölul. 4 $2\frac{1}{2}$ %.

4. gr.

Aftan við 53. gr. laganna bætist nýr tölul., svo hljóðandi:

15. umsóknir um lánveitingar úr raforkusjóði skv. 35. gr., tölulið 3 og 4.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.